4. gr.

Fyrir heimilishjálp skulu notendur greiða samkvæmt gjaldskrá sem hreppsnefnd Blönduósshrepps setur og félagsmálaráðherra staðfestir. Þar skal tekið tillit til tekna og aðstæðna viðkomandi og kostnaðar við hjálpina.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduósshrepps, staðfestist hér með samkvæmt 2. gr. laga nr. 10/1952 um heimilishjálp í viðlögum.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 3/1962 um heimilishjálp í Blönduósshreppi.

*Félagmálaráðuneytið, 12. mars 1986.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Þórhildur Líndal.*

Nr. 157 11. mars 1986

# AUGLÝSING

**um gjald fyrir starfsleyfi er tölvunefnd veitir samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni nr. 39/1985.**

Hér með er ákveðið að greiða skuli gjald að upphæð kr. 660,00 fyrir starfsleyfi er tölvunefnd veitir samkvæmt 23. gr. laga nr. 39/1985. Tekur það bæði til nýrra starfsleyfa og endurnýjunar eldri leyfa.

Gjald þetta er ákveðið samvæmt heimild í 2. mgr. 23. gr. laga nr. 39/1985.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. mars 1986.*

F.h.r.
**Þorsteinn Geirsson.**

*Drífa Pálsdóttir.*